

Desember 1997

**Afþreying í ferðapjónustu
Framkvæmdaáætlun**

Starfshópur um afþreyingu í ferðapjónustu

Samgönguráðuneytið

Hagvangur hf

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	4
2	STEFNA OG MARKMIÐ SAMGÖNGURÁÐUNEYTIS Í AÐFREYINGU 1996-2005.	6
2.1	STEFNUMÓTUN - AÐFREYING	6
2.2	STEFNUMÓTUN - HESTAFERÐIR	6
3	AFMÖRKUN	7
3.1	AÐFREYING - SKILGREINING	7
3.2	UM MARKMIÐIN	7
3.3	AÐFERÐAÐFRÆÐIN	7
3.4	UM FRAMKVÆMDINA	8
4	ATVINNUGREININ	9
4.1	NAUÐSYN AÐFREYINGAR Í FERÐAÐJÓNUSTU	9
4.2	AÐSTOÐ HINS OPINBERA VIÐ SMÁFYRIRTÆKI OG SAMVINNA ÞEIRRA	10
4.3	DÆMI UM AFLEIÐINGAR AF ÓSKIPULAGÐRI UPPBYGGINGU FERÐAÐJÓNUSTU Á ÁFANGASTÖÐUM:.....	11
4.4	TILGANGUR SKIPULAGNINGAR FERÐAÐJÓNUSTU Á ÁFANGASTÖÐUM	12
4.5	VÖRUR OG ÞJÓNUSTA - ÞRÓUNARSTARF	13
5	AÐGERÐIR, RÖKSEMDIR OG TÍMAÁÆTLUN	14
5.1	GÆÐI OG ÖRYGGI Í AÐFREYINGU	14
	Samanburður milli atvinnugreina	14
	Leyfisveitingar til ferðaþjónustufyrirtækja	14
	Kröfur til þeirra er starfa aðfreyningu	14
5.2	SKIPULAG TAKI MIÐ AF ÞÖRFUM FERÐAÐJÓNUSTUNNAR	16
	Leitað verði umsagnar ferðaþjónustuaðila við gerð skipulagsáætlana	16
	Helstu hálandisvegir s.s. Kjölur og Sprengisandur opni eigi síðar en 1. júní	16
5.3	UPPLÝSINGAR OG FRÆÐSLA UM VEIÐI	17
	Lágmarksaðstaða við veiðivötn	17
	Eftirlit með veiðarfærum	17
	Aðstaða á Keflavíkurflugvelli til hreinsunar búnaðar	17
	Fræðsla fyrir innlenda og erlenda ferðamenn um hreinsun búnaðar	18
	Aðstaða til sóthreinsunar	18
	Kynningarefni um hreinsun búnaðar	18
	Skipulag skotveiðiferða byggist á gildandi lögum	18
	Aðgengi ferðaþjónustunnar að veiðum í sjó	19
	Umngengi við hvali á hvalaslóð	19
	Helstu hvalagengdarsvæði umhverfis Ísland	19
5.4	AÐFREYING OG/EÐA ÆVINTÝRAFERÐIR BYGGI SEM MEST Á SÉRSTÖÐU LANDSINS	21
	Gerð fræðsluefnis um göngu-, hjóla- og jeppaleiðir	21
	Gerð nýrra gönguleiða	21
	Lagning og rekstur gönguleiða um landið	22
5.5	AÐGENGI AÐ SNJÓ	23
	Vegaaðgengi að svæðum sem henta til snjóaksturs	23
	Könnuð verði tilkynningaskylda í vetrarferðum	23
5.6	REIÐLEIÐIR OG UPPBYGGING ÁNINGARSTAÐA	24
	Nauðsyn reiðvega	24
	Áningarstöðum verði komið upp við reiðleiðir	24
	Hlið á girðingum	25
	Upplýsingar um reiðleiðir	25
5.7	HESTAFERÐIR Í ATVINNUSKYNI	25
	Flokkun reiðvega	25
	Útgáfa korta yfir reiðvegi og reiðleiðir	26
	Leiðsögn í hestaferðum	26
	Námskeið fyrir þá sem annast leiðsögn í hestaferðum	26

6	UPPBYGGING OG HORFUR Í HELSTU AÐFREYINGARÞÁTTUM Í FERÐAÞJÓNUSTU	29
6.1	HESTAFERÐIR - REIÐLEIÐIR.....	29
6.2	GÖNGUFERÐIR - GÖNGULEIÐIR.....	29
6.3	HVALASKOÐUN	29
6.4	VÉLSLEÐA- OG JEPPAFERÐIR	29
6.5	BÁTAFERÐIR Á ÁM.....	30
6.6	HEITAR LINDIR OG LAUGAR	30
6.7	SJÓSTANGAVEIÐI	31
6.8	LAXVEIÐI.....	31
6.9	SKOTVEIÐIFERÐIR.....	31
6.10	SILUNGSVEIÐI Í ÁM OG VÖTNUM	32
6.11	ÁTTAGAHÁTÍÐIR.....	32
6.12	SÖFN	32
7	LOKAORÐ.....	33
8	VIÐAUKI 1 - FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	34

1 Inngangur

Á haustmánuðum 1995 skipaði samgönguráðherra, Halldór Blöndal, stýrihóp til að hafa yfirumsjón með gerð tillagna til stefnumörkunar í ferðaþjónustu.

Hópur þessi var undir formennsku Magnúsar Oddssonar, ferðamálastjóra og skilaði tillögum á vormánuðum 1996, sem ráðuneyti ferðamála setti í sinn búning og gaf út 1996 sem “Stefnumótun í ferðaþjónustu“.

Ráðherra ferðamála skipaði síðan í mars 1997 starfshópa til að vinna verkefnaáætlanir með hliðsjón af þeirri stefnumörkun sem unnin var 1996. Einn hafði það hlutverk að vinna skýrslu um áætlun í afþreyingu í ferðaþjónustu.

Starfshópurinn skipa eftirtaldir aðilar:

Pétur Rafnsson, form. Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, formaður.
Björn Gíslason, framkv.stj. Batafólksins á Hvítá.
Einar Bollason, framkv.stj. Íshesta hf.
Halldór Bjarnason, framkv.stj. Safariferða.
Sigrún Sigmundsdóttir, ferðamálafræðingur hjá Úrval-Útsýn hf.

Kristófer Oliverson ráðgjafi hjá Hagvangi starfaði einnig með starfshópnum, en Hagvangur hf. annast fyrir Samgönguráðuneytið vinnu við framkvæmd stefnumótunar samgönguráðherra í ferðamálum. Af hálfu samgönguráðuneytisins hafði Ármann Kr. Ólafsson aðstoðarmaður ráðherra umsjón með verkinu.

Starfshópurinn hefur haldið 16 fundi auk vinnu Hagvangs og formanns, sem lagt hafa á ráðin og unnið gögn fyrir fundina.

Niðurstaða af starfi hópsins liggur fyrir í þessari skýrslu.
Um er að ræða þrjá meginþætti:

- Almennt um atvinnugreinina.
- Framkvæmdaáætlunina sjálfa er að finna í 5. kafla og forgangsroðun verkefna fyrir ráðuneyti ferðamála með hliðsjón af stefnumörkun þess frá 1996. Einnig er framkvæmdaáætlunin sett fram í töflu í viðauka.
- Horfur í nokkrum afþreyingarþáttum í atvinnugreininni.

1 Inngangur

Á haustmánuðum 1995 skipaði samgönguráðherra, Halldór Blöndal, stýrihóp til að hafa yfirumsjón með gerð tillagna til stefnumörkunar í ferðaþjónustu.

Hópur þessi var undir formennsku Magnúsar Oddssonar, ferðamálastjóra og skilaði tillögum á vormánuðum 1996, sem samgönguráðuneytið setti í sinn búning og gaf út 1996 sem "Stefnumótun í ferðaþjónustu".

Samgönguráðherra skipaði síðan í mars 1997 starfshópa til að vinna framkvæmdaáætlun með hliðsjón af þeirri stefnumörkun sem unnin var 1996 og var Ármanni Kr. Ólafssyni aðstoðarmanni ráðherra falin umsjón með verkinu.

Einn starfshópurinn hafði það hlutverk að vinna framkvæmdaáætlun fyrir afþreyingu í ferðaþjónustu.

Starfshópurinn skipa eftirtaldir aðilar:

Pétur Rafnsson, form. Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, formaður.
Björn Gíslason, framkv.stj. Batafólksins á Hvítá.
Einar Bollason, framkv.stj. Íshesta hf.
Halldór Bjarnason, framkv.stj. Safariferða.
Sigrún Sigmundsdóttir, ferðamálafræðingur hjá Úrval-Útsýn hf.

Kristófer Oliverson ráðgjafi hjá Hagvangi starfaði einnig með starfshópnum, en Hagvangur hf. annast fyrir samgönguráðuneytið vinnu við framkvæmd stefnumótunar samgönguráðherra í ferðamálum.

Starfshópurinn hefur haldið 16 fundi auk vinnu Hagvangs og formanns, sem lagt hafa á ráðin og unnið gögn fyrir fundina.

Niðurstaða af starfi hópsins liggur fyrir í þessari skýrslu.
Um er að ræða þrjá meginþætti:

- Almennt um atvinnugreinina.
- Framkvæmdaáætlunina sjálfa er að finna í 5. kafla og forgangsröðun verkefna fyrir ráðuneyti ferðamála með hliðsjón af stefnumörkun þess frá 1996. Einnig er framkvæmdaáætlunin sett fram í töflu í viðauka.
- Horfur í nokkrum afþreyingarþáttum í atvinnugreininni.

Settar eru fram tillögur um verkefnaskiptingu og ábendingar til ráðherra um að hann eða ferðamálastjóri beiti sér fyrir ákveðnum verkefnum eða leggi tillögur fyrir önnur ráðuneyti/ráðherra og sveitarfélög um afmarkaða verkþætti.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka samstarfsmönnum mínum fyrir þeirra ágæta framlag, þeirra dýrmæta tíma og ekki síst fyrir þann áhuga, sem þeir sýndu við að finna aðalatriðin og lausnir til framtíðar fyrir ferðaþjónustuna. Sérstaklega þakka ég fyrir hönd hópsins Kristófer Oliverssyni ráðgjafa hjá Hagvangi hf.

Ráðherra, Halldóri Blöndal, þakka ég fyrir hönd starfshópsins fyrir að fá að koma skoðunum okkar á framfæri við gerð þessarar framkvæmdaráætlunar.

Pétur Rafnsson, formaður.

2 Stefna og markmið samgönguráðuneytis í afþreyingu 1996-2005.

2.1 Stefnumótun - Afþreying

Eftirfarandi stefnumörkun er sett fram í skýrslu samgönguráðuneytisins frá 1996.

“Stefna skal að því að afþreying búi við lög og reglur líkt og gerist með aðra atvinnustarfsemi og þess verði gætt að uppbygging afþreyingar gerist í fullri sátt við náttúru Íslands, og gangi ekki á umhverfisarf komandi kynslóða”.

Markmiðin eru eftirfarandi:

- Tryggð verði gæði og öryggi í afþreyingu.
- Tryggt verði að skipulag í byggð og á óbyggðum svæðum taki mið af þörfum ferðaþjónustunnar, og að við skipulagningu sé tekið mið af hagsmunum ólíkra tegunda afþreyingar.
- Auka þarf upplýsingar og fræðslu um umgengi og aðgengi, veiðirétt, veiðitíma og veiðisvæði á sjó, á almenningum og á afréttum.
- Stefna ber að því að sú afþreying og/eða ævintýraferðir að sumri og vetri sem boðið er upp á, byggist sem mest á sérstöðu landsins og tiltekinna svæða og bæti þar með samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu gagnvart helstu samkeppnislöndum okkar.
- Aðgengi að snjó fyrir hvers konar snjóakstur verði tryggt og settar reglur þar að lútandi, til að raska sem minnst viðkvæmri náttúru landsins.

2.2 Stefnumótun - Hestaferðir

Eftirfarandi stefnumörkun er sett fram í skýrslu samgönguráðuneytisins frá 1996.

“Með hestaferðum sé boðið upp á sérstæða, skemmtilega og fróðlega afþreyingu sem sameinar útivist, góð kynni af íslenska hestinum og náttúru landsins, um leið og þær skapa atvinnu og tekjur”.

Eftirfarandi markmið er einnig sett fram:

- Tryggja þarf nauðsynlegar reiðleiðir og skipulagða uppbyggingu áningarstaða er taki tillit til umhverfisþátta í samráði við viðkomandi yfirvöld og eigendur eða umráðamenn á landi.
- Þeir sem bjóða hestaferðir í atvinnuskyni vandi vel kynningu, undirbúning, aðbúnað og ferðirnar sjálfar og hafi til þess tilskilin leyfi.

3 Afmörkun

3.1 Afþreying - Skilgreining.

Afþreying í ferðaþjónustu er skilgreind á margvíslegan hátt í daglegu tali ekki síður en í rituðu máli fagfólks. Ein slík skilgreining kemur fram í ritinu um stefnumótun samgönguráðherra frá 1996:

Afþreying: Þjónusta (oftast við ferðamenn) sem tekur skemmri eða lengri tíma og er aðgengileg með stuttum eða engum fyrirvara. (Stefnumótun 1996)

Starfshópurinn velti mögulegum skilgreiningum nokkuð ítarlega fyrir sér og ræddu á fundum. Sigrún Sigmundsdóttir, ferðamálafræðingur hjá Úrvals-Útsýn lagði fram tillögu, sem hópnun þótti skilgreina afþreyingu vel.

Hún hljóðar svo:

Með afþreyingu í ferðaþjónustu er átt við þátttöku ferðamanna og/eða heimamanna í útivist, skemmtun, menningu eða fræðslu á ferðalagi eða í frítíma sínum.

Afþreying getur verið skipulögð af þjónustuaðila gegn greiðslu þátttakenda eða aðstaða til að njóta afþreyingar án þess að bein greiðsla komi fyrir“.

Öfugt við aðra grunnþætti ferðaþjónustu (s.s. gistingu eða matsölu) getur afþreying verið hvati til ferðar.

3.2 Um markmiðin

Afþreying almennt í ferðaþjónustu á Íslandi er frekar ung grein og hefur hingað til lítt verið skilgreind. Þó hefur verið leitast við að fullkomna þá skilgreiningu uppá síðkastið. Samfara því var unnið að mótun stefnu í afþreyingu með annarri stefnumótun á vegum samgönguráðuneytisins árið 1996.

Markmiðin, sem fram koma í stefnumótuninni, bera þess helst merki, að allt rekstrarumhverfi þ.e. öll umgjörð rekstrar afþreyingarfyrirtækja í ferðaþjónustu sé frekar ófullkomin. Ýmis atriði, er varða gæði þjónustunnar eru stutt á veg komin. Skortur er á opinberum viðmiðunarreglum og lögum til þess að styðjast við og síðast en ekki síst er þörf á aðgerðum viðvíkjandi öryggi, tryggingar og eftirlit búnaðar afþreyingarfyrirtækja.

Það kemur einnig mjög vel fram í markmiðunum að aðgerða er þörf í öllu því, sem snertir aðgengi afþreyingarfyrirtækja að náttúrunni og verndun og skipulag þess umhverfis og náttúru, sem fyrirtækin starfa í og með.

3.3 Aðferðafræðin

Í hinni upphaflegu stefnumótunavinnu 1996 voru fjórir hópar, sem sömdu stefnumið í afþreyingu. Í þeirri vinnu var stuðst við viðurkennda aðferðarfræði og framkvæmd SVOT greining í hverjum þætti afþreyingar í ferðaþjónustu. Niðurstaða vinnunnar var síðan birt sem markmið og stefna til ársins 2005.

Sá hópur, sem hér skilar af sér skýrslu um verkefnaáætlun, skoðaði þessa stefnu og markmið til að komst að niðurstöðu um þær leiðir, sem fara ætti. Með því að meta leiðirnar komst hópurinn að endanlegri niðurstöðu um afmarkaðar aðgerðir. Enda þótt hópnun sé fullljóst, að ýmsar aðrar aðgerðir séu tímabærar, setur hann þessar fram, sem niðurstöðu af stefnumótunarvinnu samgönguráðuneytisins frá 1996.

3.4 Um framkvæmdina

Þær tillögur og ábendingar, sem hér eru settar fram, eru alfarið í samræmi við stefnumótun samgönguráðuneytisins. Því er eðlilegt að álita að það sé vilji ráðherra að koma þeim í framkvæmd við fyrsta hentugleika. Það er skoðun þessa vinnuhóps að þessar tillögur séu eðlilegar frá sjónarhorni stjórnvalda og í samræmi við skoðanir og óskir ferðaþjónustuaðila í greininni. Það er einnig skoðun hópsins að kostnaður fyrir ráðuneytið við að koma aðgerðunum í framkvæmd séu í algeru lágmarki og geti engan veginn orðið þeim til trafala. Ýmsar tillögur hópsins um aðgerðir hafa þó kostnað í för með sér, sérstaklega fyrir sveitarfélögin í landinu og ýmsar stofnanir og ráðuneyti.

4 Atvinnugreinin

4.1 Nauðsyn afþreyingar í ferðaþjónustu

Afþreying er þegar orðin einn mikilvægasti hluti ferðaþjónustunnar hér á landi sem annars staðar. Afþreyingin er einn þáttur ferðar, sem nauðsynlegur er til að auka gildi ferðarinnar um leið og ferðamaðurinn ferðast um og skoðar umhverfi og náttúru landsins.

Nauðsynlegt er að afþreyingarmöguleikar tengist sérkennum og ímynd viðkomandi landa og svæða. Þannig fara ferðamenn gjarnan í skemmtigarða í Florida, þeir fara í söfn og taka þátt í listahátíðum á Ítalíu, kynnast vínmenningu í Frakklandi og þannig mætti lengi telja. Hér á Íslandi ætti afþreying því fyrst og fremst að tengjast útivist og náttúru, menningu og sögu.

Hin síðari ár hefur þróunin verið á þann veg að ferðamenn kjósa í ríkara mæli að fá að taka meiri þátt í afþreyingunni sjálfir. Því má segja að slík afþreying hafi orðið vinsælli en áður þekktist. Þannig hafa erlendis orðið til svokölluð “lífandi söfn”, þar sem ferðamaðurinn “ferðast” sjálfur um söfnin og hlustar á leiðsögn og lýsingar í gegnum segulbandstæki.

Sú afþreying sem þróast hefur hvað mest hér á landi síðasliðin ár í tengslum við útivist og náttúru, byggist á þátttöku ferðamanna. Þetta á t.d. við hvalaskoðun, hestaferðir, bátsferðir, jeppa- og vélsleðaferðir svo eitthvað sé nefnt. Þessi afþreying fellur því vel að ofangreindri þróun.

Eins og segir í skilgreiningu starfshópsins á afþreyingu, getur afþreyingin sjálf orðið hvati að ferð, sem gisting og veitingasala getur varla. Því hlýtur það að teljast rökrétt að líta svo á, að skipulegar rannsóknir og þróunarstarf í afþreyingu séu afar nauðsynleg. Vel uppbyggð afþreying er því í raun skilyrði fyrir farsælli heildarþróun í ferðaþjónustu.

Ekki hefur orðið af því að aðilar í ferðaþjónustu myndi með sér hagsmunasamtök. Slík samtök hefðu m.a. það hlutverk að gefa umsögn um málefni, sem varða hag ferðaþjónustunnar og annast samstarf við opinbera aðila. Umræða hefur lengi verið um stofnun heildarsamtaka ferðaþjónustunnar til að koma á skýrari mörkum milli stjórnsýslu hins opinbera og einkageirans. Hópurinn er sammála um að þessi samtök séu nauðsynleg en það hlýtur að vera verkefni atvinnugreinarinnar að hafa forgöngu um stofnun þeirra.

4.2 Aðstoð hins opinbera við smáfyrirtæki og samvinna þeirra

Eðlilegt þótti að hafa stuttan kafla undir heitinu “aðstoð hins opinbera við smáfyrirtæki og samvinna þeirra“ þar sem þau eru meginþorri afþreyingar-fyrirtækja í ferðaþjónustu og vandamál þeirra og framtíð það sem skýrsla þessi fjallar fyrst og fremst um.

Smáfyrirtæki í ferðaþjónustu, sem stunda og markaðsetja afþreyingu, fá víða ýmsa aðstoð hins opinbera til að komast á legg. Þá er ekki síður ástæða til sérstakrar aðstoðar við smáfyrirtæki ef það getur aukið frumkvæði til stofnunar arðbærra fyrirtækja í afþreyingargeiranum.

Evrópusambandið (ESB) hefur sett fram ákveðna stefnu varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki innan sambandsins. Skilgreining þess á smáum og meðalstörum fyrirtækjum hefur leitt til þess að um 99% allra fyrirtækja fellur undir þessa flokkun, þ.e. fyrirtæki sem hafa færri en 500 starfsmenn.

Það sem hér er átt við er að hið opinbera aðstoði og auðveldi rekstur allra smæstu fyrirtækja okkar með svipuðum hugsunarhætti og fram kemur í þessari stefnu ESB. Meginatriðin í fyrirtækjastefnu ESB (DGXXIII) koma fram í ákvörðun ráðherraráðsins númer 89/490. Þau eru annars vegar bætt viðskiptaumhverfi, aukinn stuðningur og þjónusta við fyrirtæki og hins vegar stóraukin upplýsingaþjónusta og hvatning til fjölþjóðasamstarfs. Áherslan í þessari stefnu Evrópusambandsins er lögð á að einfalda beri löggjöf og leitast þannig við að draga úr neikvæðum áhrifum misflókinna löggjafar milli aðildarríkja. Áhersla er einnig á einföldun stjórnsýslu, einföldun skattkerfis, bókhalds og einföldun á reglum um stofnun fyrirtækja.

Evrópusambandið setti fram í stefnu sinni þrjú aðalmarkmið:

- Að létta af óeðlilegum hömlum á sviði stjórnunar, fjármála og laga er varða fyrirtæki og örva þannig myndun og þróun þeirra.
- Að miðla upplýsingum og aðstoð til fyrirtækja um stefnu og áætlanir sambandsins, reglugerðir og framkvæmdir.
- Að hvetja til samstarfs á milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja frá hinum ýmsu svæðum innan sambandsins.

Enda þótt slík stefna verði ekki tekin beint upp héraendis er fyllsta ástæða til þess að íhuga einhver slík atriði til aðstoðar smæstu fyrirtækjunum í ferðaþjónustunni. Áherslatriðin í þessu sambandi geta verið þessi:

- A Aukið samstarf smáfyrirtækja
- B Aukin upplýsingamiðlun til smáfyrirtækja
- C Efling rannsókna og tækniþróunar fyrir lítil fyrirtæki
- D Smærri fyrirtækjum verði auðveldaður aðgangur að fjármagni

4.3 Dæmi um afleiðingar af óskipulagðri uppbyggingu ferðaþjónustu á áfangastöðum:

Ápreifanleg áhrif

- Skemmdir eða varanleg breyting á umhverfi
- Skemmdir eða varanleg breyting á sögulegum og menningarlegum kennileitum og auðlindum
- Of mikill fjöldi ferðamanna
- Umferðarvandamál

Mannleg áhrif

- Slæmt aðgengi heimamanna að ýmiss konar þjónustu og afþreyingu, sem veldur gremju meðal heimamanna
- Heimamönnum er illa við ferðamenn
- Menningareinkenni tapast
- Skortur á grunnmenntun starfsfólks í ferðaþjónustu og vöntun á gestrisni
- Heimamenn gera sér ekki nægilega ljósa kosti ferðaþjónustu

Markaðsleg áhrif

- Vannýtt sóknarfæri í markaðsmálum
- Markaðshlutdeild minnkar vegna framkvæmda samkeppnisaðila
- Þekkingarskortur á helstu markhópum
- Óskýr ímynd áfangastaðarins á mögulegum markaðssvæðum
- Skortur á sameiginlegu auglýsingastarfi einstakra rekstraraðila
- Vannýttir afþreyingarmöguleikar í alferðum

Skipulagsleg áhrif

- Markaðsaðgerðir og almenn þróun í ferðaþjónustu er of tilviljunarkennd
- Samstarf vantar meðal einstakra fyrirtækja í greininni
- Hagsmunir aðila í greininni ekki nægilega kynntir
- Ónógur stuðningur frá opinberum aðilum á áfangastöðum
- Ekki er brugðist við í mikilvægum málefnum, vandamálum og tækifærum sem fyrirtæki í ferðaþjónustu eiga sameiginleg

Önnur áhrif

- Ófullnægjandi aðgerðir varðandi merkingar
- Skortur á afþreyingu og viðburðum
- Stuttur ferðamanna- og dvalartími
- Slæm eða versnandi gæði í aðstöðu og þjónustu
- Upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn er ófullnægjandi

4.4 Tilgangur skipulagningar ferðaþjónustu á áfangastöðum.

Að skilgreina hina ýmsu möguleika varðandi:

- Markaðsmál
- Þróun
- Skipulag greinarinnar
- Vitund um ferðaþjónustu
- Hina ýmsu þjónustu og afþreyingu

Að vera viðbúinn því óvænta varðandi:

- Almenn efnahagsskilyrði
- Stöðu eftirspurnar
- Lífsgildi og lífsstíl
- Aðra þætti í ytra umhverfi

Að viðhalda hinu einstæða í tengslum við:

- Náttúrulegar aðstæður og auðlindir
- Staðbundna menningu og samfélagslegt mynstur
- Byggingarlist
- Minnismarki og kennileiti með sögulega þýðingu
- Staðbundna viðburði og starfsemi
- Almenningsgarða og íþróttamannvirki utanhúss
- Önnur sérkenni svæða

Að búa til hið æskilega, t.d.:

- Sterka vitund um kosti ferðaþjónustu
- Skýra og jákvæða ímynd svæða sem áfangastaða ferðamanna
- Árangursríka skipulagningu starfsgreinarinnar
- Mikið samstarf meðal aðila í starfsgreininni
- Árangursríka markaðssetningu, merkingar og upplýsingamiðlun
- Önnur markmið

Að forðast hið óæskilega, t.d.:

- Spennu og óþarfa samkeppni milli einstakra aðila í ferðaþjónustu
- Fjandsamleg og óvinveitt viðhorf íbúa staða gagnvart ferðamönnum
- Skemmdir eða óæskilega röskun á náttúrulegu umhverfi og á sögulegum minjum
- Röskun á menningu staða
- Tapi á markaðshlutdeild
- Stöðvun á einstæðum, staðbundnum viðburðum og starfsemi
- Of miklu fjölmenni, átroðningi og umferðarvandamálum
- Mengun
- Stuttan ferðamannatíma, of árstíðabundna viðburði

4.5 Vörur og þjónusta - Þróunarstarf

Afþreying í ferðaþjónustu er samnefnari fyrir nokkra þætti ferðaþjónustu eða vörur sem sumar hverjar hafa alls ekki verið þróaðar hér á landi og hafa sumar þeirra verið að nokkru leyti settar á markað án mikillar þekkingar ferðasalanna á vörunni sjálfri.

Í skýrslu Rannsóknaráðs Íslands frá 1995 sem ber heitið Rannsóknir og ferðaþjónusta á Íslandi segir um þetta efni:

“Nær fyrirtækjum í ferðaþjónustu stendur það verk að draga fram í dagsljósið þá þekkingu og þær upplýsingar er varða vöru eða þjónustu sem í boði er fyrir ferðamenn og stuðla að nýsköpun á því sviði.

Þróun á vöru og þjónustu miðar að því að breyta auðlindum, mannauði eða auði náttúru í vöru sem síðan er hægt að bjóða gegn greiðslu. Í ferðaþjónustu er ferðamaðurinn viðskiptavinurinn. Til einföldunar má þrískipta þróunarþættinum.

Í fyrsta lagi er um vöruþróunarverkefni að ræða, þar sem unnið er að því að gera náttúruna, menninguna, þekkinguna og aðra afþreyingu fyrir ferðamenn að skilgreinanlegri “vöru” á markaði ferðaþjónustunnar. Fyrirliggjandi upplýsingar og þekking er notuð til að undirbúa framkvæmdir og fjárfestingu, útbúa vel skilgreint þjónustutilboð, samræma alla þætti og búa til kerfi sem á að standa undir þeirri þjónustu sem veita skal ferðamanninum.

Í öðru lagi getur upphafleg framkvæmd slíks þjónustutilboðs flokkast undir þróunarstarf vegna áhættu sem tekin er og aðlögunar sem fara þarf fram. Markaðsrannsóknir og skipulegur undirbúningur markaðssetningar á vöru eða þjónustu eða tilraunir á markaði sem þáttur í vöruþróun eru dæmi um það sem hér um ræðir.

Í þriðja lagi má gera ráð fyrir að endurmat og breyting á vöru eða þjónustutilboði í einni mynd eða annarri, geti kallað á rannsóknir og þróunarstarf.

Af þessu má ljóst vera að ferðaþjónustan getur nýtt sér aðferðir og niðurstöður vísinda- og þróunarstarfs bæði til að vekja áhuga ferðamannsins á landinu, læra að þekkja hann, þarfir hans og óskir, undirbúa aðstöðu til að taka á móti honum og byggja upp það kerfi samskipta og þjónustutilboða sem hann reiðir sig á frá því hann leggur af stað og kemur heim aftur”.

5 Aðgerðir, röksemdir og tímaáætlun

Stefna samgönguráðuneytis í ferðaþjónustu 1996-2005

“Stefna skal að því að afþreying búi við lög og reglur líkt og gerist með aðra atvinnustarfsemi og þess verði gætt að uppbygging afþreyingar gerist í fullri sátt við náttúru Íslands, og gangi ekki á umhverfisarf komandi kynslóða”.

5.1 Gæði og öryggi í afþreyingu

Markmið: Tryggð verði gæði og öryggi í afþreyingu.

Leið: Gera þarf lágmarkskröfur til reksturs og öryggis fyrirtækja í afþreyingu og með því auðvelda æskilegan samanburð við sambærileg erlend fyrirtæki og afþreyingu innan ferðaþjónustunnar almennt.

Samanburður milli atvinnugreina

Aðgerð: Samgönguráðuneyti kanni, hvort nota skuli staðla Evrópusambandsins til að auðvelda samanburð á afþreyingu og fyrirtækjum í afþreyingu milli landa.

Röksemd: Ljóst er að allur eðlilegur samanburður milli atvinnugreina hérlendis og samkeppnislanda okkar mun auka gæði og öryggi í rekstri. Það mun ekki síður auka áhuga og þekkingu rekstraraðila á þeim lágmarkskröfum, sem viðskiptavinirnir gera.

Tími: 1998

Leyfisveitingar til ferðaþjónustufyrirtækja

Aðgerð: Samgönguráðuneyti og Ferðamálastjóri standi að sérstöku verkefni til undirbúnings á breytingum á leyfisveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja í afþreyingu í samvinnu við hagsmunaaðila.

Röksemd: Í vinnu við stefnumótun ráðuneytisins 1996 kom mjög skýrt fram í hve mikið vantar á að leyfisveitingar séu í nokkru því formi, sem nútíma rekstur krefst. Þessi skortur á kröfum hins opinbera gagnvart stofnun og rekstri fyrirtækja í afþreyingu hefur valdið því að anað er út í rekstur án könnunar á rekstrarmöguleikum og án nokkurrar getu til að bregðast við þeim kröfum, sem upp geta komið í nútíma ferðaþjónustu s.s. varðandi tryggingar og bótaskyldu.

Tími: 1998-1999

Kröfur til þeirra er starfa afþreyingu

Aðgerð: Samgönguráðuneyti láti skilgreina helstu kröfur til þeirra er starfa við eða reka atvinnustarfsemi þar sem boðið er upp á afþreyingu. Tekið verði m.a. til ástands tækja og búnaðar, öryggismála, trygginga, fjárhagsstöðu og persónulegrar hæfni.

Röksemd: Þessi skilgreining, sem hér er nefnd, ætti að vera í verkahring þess hóps sem nefndur er hér á undan. enda í beinu samhengi við þá vinnu. Þ.e. samgönguráðuneyti og Ferðamálastjóri í samvinnu við hagsmunaaðila standi að sérstöku verkefni til undirbúnings á breytingum á leyfisveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja í afþreyingu.

Tími: 1998-1999

5.2 Skipulag taki mið af þörfum ferðaþjónustunnar

Markmið: Tryggt verði að skipulag í byggð og á óbyggðum svæðum taki mið af þörfum ferðaþjónustunnar, og að við skipulagningu sé tekið mið af hagsmunum ólíkra tegunda afþreyingar.

Leið: Hvatt er til aukinnar áherslu á heildarskipulag þar sem tekið er mið af hagsmunum ferðaþjónustunnar. Einnig eru sveitarfélög hvött til að huga vel að landnotkun vegna mismunandi tegunda afþreyingar á byggðum og óbyggðum svæðum og umferðar ferðamanna um þau.

Leitað verði umsagnar ferðaþjónustuaðila við gerð skipulagsáætlana

Aðgerð: Ráðherra ferðamála í samráði við umhverfisráðherra fái inn í leiðbeiningarrit Skipulags ríkisins fyrir ráðgjafa ákvæði, sem kveður á um að leitað verði umsagnar ferðaþjónustuaðila við gerð allra skipulagsáætlana bæði í byggð og óbyggð.

Röksemd: Þetta er ekki síst nauðsynlegt með hliðsjón af þeirri vinnu, sem innt hefur verið af hendi samvinnunefndar um skipulag miðhálandisins 2015, þar sem lítið eða ekkert samráð var haft við ferðaþjónustuna. Það er nokkuð ljóst að tæknilega verður ekki unnt að þrýsta þeim tillögum í gegn áður en ný skipulags-lög taka gildi 1. janúar 1998. Þess vegna er nauðsynlegt að ráðherra ferðamála komi því á framfæri við umhverfisráðherra að hann nýti sér möguleika niðurlags 12. greinar þeirra laga og skipi sérstaka nefnd til að takast á við vinnu að endanlegu skipulagi miðhálandisins og eigi þá fullt samráð við ferðaþjónustuna sem og aðra þá er málið varðar. Í niðurlagi 12. greinar segir m.a. "Á landsvæðum, þar sem ágreiningur er milli sveitarstjórna um landnotkun eða þar sem stefnumörkun í landnotkun varðar verulega hagsmuni þeirra sem búa utan viðkomandi svæðis, getur umhverfisráðherra ákveðið að skipa sérstaka nefnd til að gera tillögu að svæðisskipulagi"

Tími: 1998

Helstu hálandisvegir s.s. Kjölur og Sprengisandur opni eigi síðar en 1. júní

Aðgerð: Ráðherra samgöngumála geri ráðstafanir til að flýta árlegri opnun hálandisins og akstursleiða milli Norður- og Suðurlands. Í þeim tilgangi verði Vegagerðinni falið að opna helstu hálandisvegi s.s. Kjöl og Sprengisand eigi síðar en 1. júní.

Röksemd: Þessi krafa er að mati fagfólks í ferðaþjónustu mjög mikilvæg til þess að geta skipulagt betur þjónustu fyrirtækja sinna og lengt þjónustutímann með nauðsynlegu öryggi og unnið um leið að aukinni hagræðingu í rekstri.

Tími: 1999-2000

5.3 Upplýsingar og fræðsla um veiði

Markmið: Auka þarf upplýsingar og fræðslu um umgengni og aðgengi, veiðirétt, veiðitíma og veiðisvæði á sjó, á almenningum og á afréttum.

Leið: Stjórnvöld hvetji yfirráðamenn veiðivatna að auðvelda aðgengi að þeim.

Lágmarksaðstaða við veiðivötn

Aðgerð: Samgönguráðuneyti stuðli að því að veiðifélög myndi samtök til að byggja upp lágmarksaðstöðu við veiðivötn.

Röksemd: Almennt aðgengi að veiðivötnum og aðstöðuleysið við þau þykir óviðunandi í nútíma ferðapjónustu. Því telur hópurinn nauðsynlegt að veiðifélög og þeir aðilar í ferðapjónustu, sem bjóða afþreyingu við veiðar í vötnum, taki sig saman og stofni samtök til þess að vinna skipulega að uppbygging aðgengis og aðstöðu við veiðivötn landsins. Nauðsynlegt er að koma á framfæri slíkum upplýsingum um aðgengi og aðstöðu við vötnin. Það er álit okkar að frumkvæði samgönguráðuneytis sé farsælast til þess að málið fái ákveðinn og öruggan framgang.

Tími: 1999-2000

Eftirlit með veiðarfærum

Leið: Samræma þarf og auka allt eftirlit með veiðarfærum lax- og silungsveiðimanna sem til landsins koma.

Aðgerð: Samgönguráðuneyti vinni að því í samvinnu við umhverfisráðuneyti að blýsökkur og blýhögl verði bannaðar með öllu fyrir árið 2000.

Röksemd: Með hliðsjón af stefnu ráðherra, að ferðapjónustan skuli vera í sátt við umhverfið, telur hópurinn að ráðherra beri að hafa frumkvæði að því að blýhöglum og blýsökkum verði útrýmt úr náttúrunni. Það er með ólíkindum hversu miklu magni af blýi er dreift í náttúrunni á hverju ári af sportveiðimönnum.

Tími: 1998-1999

Aðstaða á Keflavíkurflugvelli til hreinsunar búnaðar

Leið: Bæta skal aðstöðu á Keflavíkurflugvelli til hreinsunar búnaðar (vödlur) og veiðarfæra lax- og silungsveiðimanna og búnaðar hestamanna þannig að hægt sé að framfylgja gildandi reglum hér á landi.

Aðgerð: Ráðherra ferðamála óski þess af utanríkisráðherra að hann sjái svo um að Tollgæslan vinni eftir þeirri meginreglu að ferðamenn komi með hreinsaðan búnað til landsins og geti framvísað vottorði því til staðfestingar.

Röksemd: Enda þótt aðstaða og búnaður til hreinsunar á Keflavíkurflugvelli hafi batnað er ástæða til að bæta hann til samræmis við nútímakröfur. Það sem einnig þykir neikvætt við komu gesta okkar, sem einhvern þennan búnað hafa meðferðis, er fyrirkomulag gjaldheimtu fyrir hreinsunina. Ástæða er til að sá þáttur þessarar þjónustu verði kannaður viðskiptavinum til hagsbóta. Ástæða er til að þessi atriði séu rædd og samræmd frekar í fjölþjóðasamskiptum tollyfirvalda.

Tími: 1998

Fræðsla fyrir innlenda og erlenda ferðamenn um hreinsun búnaðar.

Aðgerð: Samgönguráðuneyti beini tilmælum til yfirdýralæknis um að efla fræðslu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn um hreinsun búnaðar.

Röksemd: Starfshópnum telur að fræðsla og kynning sé ekki næg til ferðamanna um smíthættu og hreinsun búnaðar, sem hættulegur kann að þykja. Því telur hann eðlilegt að ráðherra ferðamála beini tilmælum til yfirdýralæknis um þetta efni, svo draga megi úr hættu á að ferðamenn, innlendir sem erlendir, valdi skaða í náttúrunni.

Tími: 1998

Aðstaða til sóttgreinsunar

Aðgerð: Samgönguráðuneyti vinni að því með utanríkisráðuneyti og öðrum sem málið varðar að komið verði upp aðstöðu til sóttgreinsunar, þar sem hún er ekki til staðar við landgöngu og hún taki mið af þeim búnaði sem hreinsa ber.

Röksemd: Telja má óviðunandi gagnvart náttúrunni, ef ekki er til staðar hreinsibúnaður á öllum landgöngustöðum, sem þar sem ferðamenn koma til landsins.

Tími: 1999-2001

Kynningarefni um hreinsun búnaðar

Aðgerð: Ráðherra samgöngumála geri þá kröfu til aðila í ferðaþjónustu, sem selja hesta- og veiðiferðir til landsins, að þeir láti þess getið í kynningarefni með hvaða hætti hreinsun skal fara fram.

Röksemd: Óeðlilegt er, hve lítil áhersla hefur verið lögð á afmarkaða fræðslu í bæklingum ferðaþjónustuaðila. Vankunnátta ferðamannsins t.d. um hvernig kröfum um hreinsun búnaðar veiðimanna er háttáð, getur valdið óþægindum við komu til landsins.

Tími: 1998

Skipulag skotveiðiferða byggist á gildandi lögum

Leið: Tryggja þarf að skipulag skotveiðiferða byggist á gildandi lögum um skotveiðar.

Aðgerð: Ráðherra ferðamála vinni í samráði við umhverfissráðherra að því að útlendingum verði heimilaðar skotveiðar í almenningum undir eftirliti veiðieftirlitsmanna og lögum breytt þar að lútandi.

Röksemd: Það hefur lengi skaðað sölu á skotveiðiferðum til landsins, að erlendum veiðimönnum sé ekki heimilt að stunda veiðar annars staðar en í heimalöndum landeigenda.

Tími: 1998-2001

Aðgengi ferðaþjónustunnar að veiðum í sjó

Leið: Settar verði reglur um aðgengi ferðaþjónustunnar að auðlindum sjávar.

Aðgerð: Ráðherrar ferðamála í samvinni við sjávarútvegssráðherra komi af stað vinnu (reglugerðar- eða lagabreytingu), sem tryggi ferðaþjónustuaðilum með tilskilin leyfi réttindi til veiða í sjó.

Röksemd: Til þess að afþreying eins og sjóstangaveiði geti þróast eðlilega, þarf greinin að hafa svigrúm til þess innan ramma laga.

Tími: 1999-2001

Um gengni við hvali á hvalaslóð

Leið: Settar skulu reglur um umgengni við hvali á hvalaslóð, sbr. reglur erlendis um fjölda báta á slóðinni, nálægðarmörk o.fl.

Aðgerð: Samgönguráðuneyti setji reglur um umgengni við hvali á hvalaslóð í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun og hagsmunaaðila í hvalaskoðun.

Röksemd: Hvalaskoðun hefur þróast mjög hratt undanfarin ár og er fyrirsjáanlegt að þessi atvinnugrein muni um það bil tvítugfaldast frá árinu 1995-2000. Ennfremur hefur fyrirtækjum í þessari grein fjölgað enda ekki krafist neinna sérstakra leyfa fyrir slíkum rekstri né sérstakrar þekkingar á lifnaðarháttum og hegðun hvala. Alþjóða hvalveiðiráðið hefur þegar sett upp lagmarkskröfur um umgengni við hvali og telur starfshópurinn að slíkar lágmarkskröfur um umgengni þurfi að setja hérlendis.

Tími: 1988-1999

Helstu hvalagengdarsvæði umhverfis Ísland

Leið: Kannað verði hvar helstu hvalagengdarsvæði umhverfis Ísland sé að finna og þau skilgreind m.a. eftir hvalategundum.

Aðgerð: Samgönguráðuneyti leggi til við Hafrannsóknastofnun að hún, í samvinnu við aðila í hvalaskoðun, láti semja aðgengilegan bækling, sem byggðist á gögnum stofnunarinnar, um hvalategundir, göngusvæði þeirra við landið o.fl.

Röksemd: Hópnun er kunnugt um að til er rit í Hafrannsóknarstofnun, sem tekur á þessu efni, og leggjum til að stofnunin vinni aðgengilegt efni fyrir ferðamenn um hvali, hvalaslóðir og hvalaskoðun í samvinnu við hvalaskoðunaraðila. Hópurinn telur vænlegast að ráðuneytið hafi frumkvæði í þessu efni.

Tími: 1998-1999

5.4 Afþreying og/eða ævintýraferðir byggja sem mest á sérstöðu landsins

Markmið: Stefna ber að því að sú afþreying og/eða ævintýraferðir að sumri og vetri sem boðið er upp á, byggist sem mest á sérstöðu landsins og tiltekinn svæða og bæti þar með samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu gagnvart helstu samkeppnislöndum okkar.

Gerð fræðsluefnis um göngu-, hjóla- og jeppaleiðir

Leið: Stuðla skal að gerð fræðsluefnis um göngu-, hjóla- og jeppaleiðir, um tiltekna þætti náttúru og sögu sem leiðirnar varða og um útbúnað og umgengnireglur í göngu- og hjóla-, og jeppaferðum.

Aðgerð: Ferðamálastjóri fyrir hönd samgönguráðuneytisins gangist fyrir því að stofnaður verði ráðgjafahópur fyrir Samband Ísl. sveitarfélaga um gerð þessa fræðsluefnis. Í hópnum verði fulltrúar frá Náttúruverndarráði, Sambandi Ísl. Sveitarfélaga, ferðaskrifstofum, ferðafélögum og Björgunarskóla Íslands.

Röksemd: Í umræðum í hópnum kom fram að mikill skortur er á fræðsluefni fyrir göngu- hjóla- og jeppafólk. Þessir þættir afþreyingarferða hafa aukist mjög að umfangi síðustu ár og munu stækka ört í náinni framtíð. Fræðsluefni er því mjög nauðsynlegt, þar sem frætt er um öryggismál, nauðsynlegan annan búnað, umhverfismál og náttúru og sögu.

Tími: 1998-1999

Gerð nýrra gönguleiða

Leið: Koma þarf á fót tímabundnum starfshópi til þess að vekja áhuga fólks, kynna hvernig staðið er að gerð nýrra gönguleiða og koma fram með hugmyndir og tillögur að fjölbreyttari og betri gönguferðaþjónustu, endurbótum í björgunarmálum og bættri fræðslu.

Aðgerð: Ferðamálastjóri fyrir hönd samgönguráðuneytis vinni að því að Samband Ísl. sveitarfélaga stofni starfshóp til þess að vekja áhuga fólks um land allt, kynna hvernig staðið er að gerð nýrra gönguleiða og koma með hugmyndir og tillögur að fjölbreyttari og betri þjónustu við göngufólk, endurbótum í björgunarmálum og bættri fræðslu.

Röksemd: Það væri tvímælalaust þarft frumkvæði að fá Samband sveitarfélaga til að skipa starfshóp, sem ynni að hugmyndum um hvernig heppilegast væri að standa að gerð gönguleiða og rekstri þeirra og kynna þessar hugmyndir síðan fyrir landshlutasamtökum sveitarfélaganna. Með þessu móti mætti koma á fót samstarfi sveitarfélaganna og ferðamálasamtaka á hverju svæði um uppbyggingu gönguleiðakerfis alls landsins.

Tími: 1998-1999

Lagning og rekstur gönguleiða um landið

Leið: Hvatt er til samvinnu um lagningu og rekstur gönguleiða um landið, þar sem lögð er áhersla á sérstök áhugasvið og/eða sérstöðu svæða.

Aðgerð: Ferðamálastjóri fyrir hönd samgönguráðuneytis vinni að því að Samband Ísl. sveitarfélaga, í samvinnu við aðila í ferðaþjónustu á hverju svæði sambandsins, beiti sér fyrir lagningu og rekstri gönguleiða á landinu.

Röksemd: Það hefur komið í ljós að undanförunu, að eftirspurn eftir merktum gönguleiðum hefur aukist verulega. Þessi staðreynd hefur m.a. birst í mikilli ásókn í göngu á "Laugaveginum" Það sem fyrst og fremst hefur háð framgangi slíkra verkefna á landinu í heild er skortur á frumkvæði og samhæfingu sveitarfélaga og/eða ferðamálasamtaka á svæðum Sambands Ísl. sveitarfélaga.

Tími: 1998-2000

5.5 Aðgengi að snjó

Markmið: Aðgengi að snjó fyrir hvers konar snjóakstur verði tryggt og settar reglur þar að lútandi, til að raska sem minnst viðkvæmri náttúru landsins.

Vegaaðgengi að svæðum sem henta til snjóaksturs

Leið: Stjórnvöld tryggi vegaaðgengi að svæðum sem henta til snjóaksturs.

Aðgerð: Ráðherra samgöngumála vinni að því að sjóður Vegagerðarinnar til styrkvega verði tvöfaldaður og helmingur fjárens eyrnamerkur framkvæmdum í þágu ferðaþjónustunnar m.a. til að tryggja aðgengi að hvers konar afþreyingu.

Röksemd: Það er álit hópsins, að aðgengi í afþreyingarferðaþjónustu sé mjög ábótavant. Þar ber hæst aðgengi að snjó- og vetrarakstri. Því leggjum við til að áðurnefnd leið verði farin.

Tími: 1999-2000

Könnuð verði tilkynningaskylda í vetrarferðum

Leið: Kannað verði í samvinnu við björgunaraðila og hagsmunaaðila nauðsyn á tilkynningaskyldu í vetrarferðum sem farnar eru í atvinnuskyni.

Aðgerð: Samgönguráðuneyti tryggi fjarskipti alls staðar á landinu og komi í því skyni á samstarfi ferðaþjónustuaðila, björgunarsveita (Slysavarnarfélag Íslands og Landsbjargar) og Pósts og Síma hf.

Röksemd: Æ ofan í æ kemur fram í fréttum að farartæki í vetrar- og snjóakstri hafi lent í erfiðleikum og ekki tekist að leysa vandann nógu fljótt og örugglega með björgunaraðilum vegna ófullkomins fjarskiptasambands. Þetta verður að bæta t.d. með áðurnefndum hætti.

Tími: 1999-2001

Aðgerð: Samgönguráðuneyti leiti eftir samstarfi við Slysavarnarfélag Íslands og Landsbjörgu um að koma á fót kerfi á landi sem svipar til Tilkynningarskyldu Íslenskra skipa.

Röksemd: Reynsla undanfarinna ára gerir kröfu til þess að slíku kerfi verði komi á. Kerfi sem þetta mun bæta allt öryggi og spara ómælda fjármuni.

Tími: 1999-2001

5.6 Reiðleiðir og uppbygging áningarstaða

Markmið: Að tryggja nauðsynlegar reiðleiðir og skipulagða uppbyggingu áningarstaða er taki tillit til umhverfisþátta í samráði við viðkomandi yfirvöld og umráðaaðila lands.

Nauðsyn reiðvega

Leið: Viðurkenna þarf nauðsyn reiðvega og skipuleggja þá í tengslum við skipulag sveitarfélaga og vegakerfi landsins.

Aðgerð: Samgönguráðuneyti sjái til þess að Vegagerð ríkisins geri áætlun um forgangsörðun við gerð reiðvega í byggð. Áætlunin verði unnin í samstarfi við Landssamband hestamanna, hagsmunaaðila í ferðaþjónustu og sveitarfélög.

Röksemd: Gerð reiðvega á skipulega hátt er löngu tímabær, enda er það verk hafið víða um land og á Vegagerðin þakkir skildar fyrir hennar þátt í því. Halda verður áfram þeirri vinnu, í náinni samvinni við áðurnefnda aðila.

Tími: 1998-2000

Áningarstöðum verði komið upp við reiðleiðir

Leið: Hvatt er til þess að við helstu reiðleiðir verði komið upp áningarstöðum, þar sem hægt er að fá mismunandi þjónustu, allt frá einföldu skjóli fyrir menn og hesta og upp í aðstöðu eins og hún gerist best utan þéttbýlis. Skipulagsyfirköld, Landgræðsla ríkisins, umhverfisverndarstofnanir og umráðamenn landsvæðanna skulu hafðir með í ráðum þegar áningarstaðir eru skipulagðir. Mikilvægt er að skilningur skapist á mikilvægi þessa þáttar ferðaþjónustunnar og liðkað verði fyrir uppbyggingu viðunandi áningarstaða.

Aðgerð: Ráðherra ferðamála skipi samráðsnefnd, sem m.a. geri úttekt á næturáningarstöðum við helstu reiðleiðir á hálendinu. Jafnframt vinni nefndin að tillögum um uppbyggingu áningarstaða og skiptihólfa í samvinnu við heimamenn og hagsmunaaðila. Í samráðsnefndinni verði fulltrúar frá skipulagsyfirköldum, Náttúrvernd ríkisins, Vegagerðinni, hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu og heimamönnum.

Röksemd: Að mati þeirra, sem stunda rekstur fyrirtækja um hestaferðir, er þetta eitt brýnasta verkefnið til þess að fyrirtæki þeirra geti þróast á eðlilegan hátt til framtíðar, með hliðsjón af kröfum viðskiptavina þeirra og verndunar náttúru landsins.

Tími: 1998

Hlið á girðingum

Leið: Setja skal reglur um að þar sem reiðleiðum er lokað með girðingum skuli koma fyrir hliðum sem menn og hestar komist greiðlega um.

Aðgerð: Ráðherra ferðamála leiti eftir því við umhverfissráðherra að hann setji í reglugerð við skipulags- og byggingarlög nr. 73, 28. maí 1997, þar sem kveðið verði skýrt á um skyldur landeigenda að hafa hlið á girðingum sem eru þvert á reiðleiðir.

Röksemd: Þetta atriði er talið sjálfsagt, þegar um höfuðreiðleiðir er að ræða og þær sem taldar eru hefðbundnar. Nú, þegar skikk mun komast á skipulag og lagningu reiðleiða, er nauðsynlegt að landeigendur beri í lögum ákveðnar skyldur við uppbyggingu framtíðarkerfis reiðleiða á landinu.

Tími: 1998

Upplýsingar um reiðleiðir

Leið: Aflað verði upplýsinga um reiðleiðir, fornar og nýjar, og þær skrásettar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Eldri reiðgötur verði merktar, þ.m.t. áhugaverðir staðir sem leiðin liggur um. Auk þess verði gögn um helstu reiðleiðir sem liggja fyrir hjá L.H. og Vegagerðinni gefin út í aðgengilegu formi í samvinnu við Landmælingar Íslands.

Aðgerð: Samgönguráðuneyti og Landssamband hestamanna skipi starfshóp til þess að safna og skrá upplýsingar um reiðleiðir, fornar og nýjar, í samráði við Samband Ísl. sveitarfélaga, Vegagerðina og Landssamband hestamanna. Þær verði síðan gefnar út í samvinnu við Landmælingar Íslands ásamt þeim gögnum um sama efni, sem þegar liggja fyrir hjá Vegagerðinni og LH. Starfshópurinn vinni að því að eldri reiðgötur verði merktar ásamt áhugaverðum stöðum, er liggja að þeim.

Röksemd: Ákveðin samvinna hefur þegar hafist með sumum þessara aðila um þennan málaflokk en ástæða er til að á komist formleg samvinna til þess að vinna þetta þjóðþrifaverk. Hestamenn, og ferðaþjónustufyrirtæki sem reka hestaferðir, telja nauðsynlegt að nefndar upplýsingar verði unnar til heilla fyrir alla hestamenn og ferðir þeirra um landið. Slíkar upplýsingar og útgáfa þeirra mun ekki síður verða þáttur í verndun náttúru landsins og verkfæri til aukinna gæða í rekstri ferðaþjónustu með hestaferðir. Allar merkingar fornra sem nýrra reiðleiða er þegar orðin krafa nútímans í hestaferðaþjónustu.

Tími: 1998

5.7 Hestaferðir í atvinnuskyni

Markmið: Þeir sem bjóða hestaferðir í atvinnuskyni vandi vel kynningu, undirbúning, aðbúnað og ferðirnar sjálfar og hafi til þess tilskilin leyfi.

Flokkun reiðvega

Leið: Flokka þarf reiðvegina og stýra því hvenær þeir eru opnaðir og lokaðir fyrir umferð. Eftirlit sé haft með reiðleiðum þar sem gróður er viðkvæmur.

Aðgerð: Ráðherra ferðamála komi á vinnu innan Vegagerðarinnar um flokkun reiðvega, og henni einnig falið að stýra því hvenær þeir eru opnir fyrir umferð. Umferð sé beint frá svæðum með viðkvæmum gróðri eftir því sem kostur er.

Röksemd: Það er álit ferðaþjónustuaðila í hestaferðum, sem hópurinn hefur unnið með, að nauðsynlegt sé að fá Vegagerðina til að flokka reiðvegi og ennfremur að hún stýri því hvenær þeir séu opnir umferð. Þessi aðgerð er fyrst og fremst til að vernda náttúruna á viðkvæmum svæðum landsins, þar sem óhófleg umferð hestamanna mundi ella verða og valda óbætanlegum umhverfisspjöllum á sumum árstíðum.

Tími: 1998-1999

Útgáfa korta yfir reiðvegi og reiðleiðir

Leið: Hvatt er til útgáfu einfaldra og aðgengilegra korta yfir reiðvegi og reiðleiðir innan hvers sveitarfélags.

Aðgerð: Samgönguráðuneyti í samvinnu við umhverfisráðuneyti vinni að því að fá Landmælingar Íslands til liðs um gerð aðgengilegra reiðvegakorta yfir reiðleiðir innan og milli sveitarfélaga.

Röksemd: Kortagerð af þessu tagi mun auðvelda hestamönnum og fyrirtækjum með hestaferðir að ferðast um innan og milli sveitarfélaga. Nú er víða miklum vandkvæðum bundið að komst leiðar sinnar. Ekki vantar aðeins leiðakort heldur einnig leiðir, svo hægt sé að komst í gegnum sum sveitarfélög. Erfiðast er þetta þó á höfuðborgarsvæðinu.

Tími: 1998-1999

Leiðsögn í hestaferðum

Leið: Leiðsögn skal veita í hestaferðum sem skipulagðar eru í atvinnuskyni.

Aðgerð: Ráðherra ferðamála setji í reglugerð með lögum nr. 117/1994 skv. 29. grein sömu laga að veita beri fullkomna leiðsögn í hestaferðum sem skipulagðar eru í atvinnuskyni.

Röksemd: Í nútíma ferðaþjónustu er leiðsögn talin lágmarkskrafa til þess að fullnægja væntingum viðskiptavina. Sérstakar kröfur verður að gera til slíkra leiðsögumanna ekki síður en fjallaleiðsögumanna, þar sem þekking er viðtækari en almennra leiðsögumanna.

Tími: 1998

Námskeið fyrir þá sem annast leiðsögn í hestaferðum

Leið: Halda skal námskeið fyrir þá sem annast leiðsögn í hestaferðum.

Aðgerð: Ráðherra ferðamála komi í reglugerð um Leiðsöguskóla Íslands að haldin séu árlega sérstök námskeið fyrir leiðsögumenn í hestaferðum.

Röksemd: Þessi aðgerð er nauðsynleg og í beinu framhaldi af tillögu um að sett verði í reglugerð að veita beri fullkomna leiðsögn í hestaferðum sem skipulagðar eru í atvinnuskyni.

Tími: 1998

6 Uppbygging og horfur í helstu afþreyingarþáttum í ferðaþjónustu

6.1 Hestaferðir - Reiðleiðir

Hestaferðir hafa þróast hérlendis á löngum tíma, þó að ekki sé svo ýkja langt síðan skipulegar ferðir í atvinnuskyni hófust. Ferðirnar hafa verið skipulagðar á misjafnan hátt, annars vegar eru staðbundnar hestaleigur, hestaferðir á afmörkuðum svæðum og hins vegar lengri hestaferðir, sem taka fleiri daga eða vikur og er þá farið frá einum landshluta til annars.

Ljóst er að miklir möguleikar felast í þessari tegund afþreyingar ef rétt er haldið á spöðunum. Samkeppni er þó hörð við önnur lönd t.d. Spán, Frakkland og Írland sem hafa í skjóli peninga frá Evrópusambandinu eytt miklu í auglýsingar og uppbyggingu á þessari grein.

Nauðsynlegt er að gott eftirlit sé með þeim aðilum, sem þennan rekstur stunda, bæði hvað snertir öryggi og aðbúnað farþega, hæfni starfsfólks og ekki síst umgengni við viðkvæma náttúru landsins.

6.2 Gönguferðir - Gönguleiðir

Uppbygging gönguleiða hefur tekið kipp hér á landi. Ferðafélögin hafa um árabíl skipulagt og merkt gönguleiðir víða um land og byggt upp aðstöðu við þær. Einnig hafa sveitarfélög lagt fjármagn í uppbyggingu gönguleiða, sérstaklega hér á suðvesturhorninu. Nauðsynlegt er þó að vinna skipulega að heildarskipulagi og uppbyggingu gönguleiðakerfis alls landsins.. Samvinna um þennan málaflokk verður að komast á milli sveitarfélaga og ferðaþjónustunnar til þess að auðvelda alla skipulagningu markaðsetningar gönguferða.

Gönguferðir innlendra og erlendra ferðamanna hafa aukist mikið undanfarin ár og munu aukast enn frekar ef dæma má eftir eftirspurn síðasta sumars. Þetta má rekja til aukinnar umhverfishugsunar ferðamanna og einnig vegna þess að ferðamenn vilja taka enn frekari þátt í afþreyingu ferða sinna. Þeim er ekki lengur nóg að horfa, þeir vilja leggja meira á sig, komast í nánari snertingu við náttúruna og stuðla um leið að frekari líkamsrækt.

Engar tölur eru tiltækar um fjölda erlendra göngumanna. Ef gera má ráð fyrir nokkurri fjölgun þeirra umfram fjölgun annarra erlendra ferðamanna milli ára, er 10-15% árleg fjölgun ekki fjarri lagi.

Þó ber að hafa í huga samkeppnina, orðin er af hálfu Alaska og Rússlands en ferðaheildsalar, sem selt hafa göngumönnum ferðir til Íslands, eru þegar byrjaðir að markaðssetja þessi lönd.

6.3 Hvalaskoðun

Eins og fram kemur í verkefnaáætluninni hefur hvalaskoðun aukist gífurlega síðustu ár og líkur eru á að hún tvítugfaldist frá 1995-2005. Uppbygging hennar hefur helst átt sér stað á Húsavík en hún hefur farið af stað víða á landinu eins og t.d. á Höfn, í Sandgerði og við Eyjafjörð.

Nauðsynlegt er að leggja á ráðin um allt eftirlit með bátunum sem notaðir eru, tryggingum þeirra og öðrum kröfum til rekstraraðila og ekki síður æskilegum umgengisreglum við hvalina sjálfa. Þessi afþreying á mjög greiðan aðgang að umhverfissinnuðum ferðamönnum og bætir þar með ímynd landsins.

6.4 Vélsleða- og jeppaferðir

Jöklar hafa mikið aðdráttarafl í hugum þeirra sem hyggja á ferðalög á vélsleðum eða jeppum. Ferðaskrifstofur, flugfélög, hótél, veitingastaðir og fleiri eru oft háð því hvort afþreying er til staðar eða ekki. Þau njóta góðs af slíkri afþreyingu sem gerir oft gæfumuninn, sérstaklega á veturna. Slík afþreying hefur gert mörgum þessara fyrirtækja mögulegt að stunda rekstur allt árið.

Akstur á snjó og jöklum getur ekki talist annað en sérstaklega náttúruvænn, þar sem aldrei er neitt annað skilið eftir en sporin í snjónum. Ekki er af neinu tekið og allt jafngott á eftir. Að sjálfsögðu er slíkur akstur háður bensín- eða dísilorkunni sem mun breytast um leið og aðrir bílar eða flugvélar verða knúnar annarri og umhverfisvænni orku.

Sérstaða Íslands felst fyrst og fremst í því að hægt er að fara í slíkar ferðir allt árið. En aðalafþreyingin á veturna og á jaðartíma eru snjó- og jöklaferðir. Þessi ferðamáti hefur verið helsti vaxtarbroddur ferðaþjónustunnar síðustu ár sem sést best á síðustu tölum um fjölda ferðamanna, þar sem aukningin er mest á jaðartímabilunum.

Jeppa- og vélsleðaferðir hafa verið þróaðar og byggðar upp af einkaframtaki. Að mati ferðaþjónustuaðila hefur engin aðstoð hefur verið veitt til þróunar vörunnar eða í uppbyggjandi aðstöðu í vegalagningu eða húsnæði. Engin úttekt hefur verið gerð á rekstrarhagkvæmni né á öryggismálum og reglum um þau, skoðun tækja, tryggingum og atvinnuleyfum.

Mjög mikil eftirspurn hefur verið eftir vetrar- og jöklaferðum. Ferðamynstrið hefur verið að breytast þannig að menn vilja fara í stuttar en fleiri ferðir á hverju ári. Þegar ferðamenn dvelja stutt þarf að hafa öruggar ferðir á hverjum degi hvernig sem viðrar. Helstu samkeppnislönd okkar eru Finnland, Svalbarði (Spitzbergen) og Kanada.

Ummæli ferðamanna sem hafa farið með okkur eru öll á eina lund, að Íslendingar beri af öllum þessum löndum þar sem blandað er saman nútímataækni til ferðalaga og ósnertum víðáttum. Stærstu og öflugustu fyrirtæki heims leita uppi slíkar ævintýraferðir. Kvikmyndaframleiðendur og tískuljósmyndarar stórblaða hafa uppgötvað náttúru Íslands og hve gott aðgengi er að henni með okkar tækni.

6.5 Bataferðir á ám

Þróun þessarar afþreyingar hefur verið ótrúlega hröð undanfarin ár eftir nokkra byrjunarörðugleika. Það er álit aðila í greininni að "raft"-ferðir séu eitt sterkasta aðdráttaraflíð í afþreyingunni um þessar mundir.

Fyrirtækin í þessari grein hafa ráðið til sín þaulreynda siglara frá ríkjum eins og Nepal, Austurríki og Englandi. Þannig hafa fyrirtækin getað boðið fullkomna þjónustu um leið og þetta reynda fólk þjálfar og kennir íslenskum starfsmönnum.

Að mati flestra þessara siglara er Ísland ekki aðeins spennandi land vegna fegurðar heldur einnig þess að árnar eru mjög skemmtilegar og ögrandi fyrir siglara. Margt bendir til að vatnasvæði Íslands sé sérlega áhugavert fyrir fólk frá mið- og vestur Evrópu sem stundar vatnaíþróttir.

Aukningin í "raft"-ferðum hjá fyrirtækinu Hestasport í Skagafirði var eftirfarandi á árunum 1995-1998:

1995	230	gestir
1996	1.000	"
1997	2.200	"
1998 (áætlun)	3.500	"

6.6 Heitar lindir og laugar

Eitt af því sem Ísland er hvað þekktast fyrir er heita vatnið, laugarnar og hverirnir - kraftarnir úr iðrum jarðar - eru okkar sérkenni.

Allt frá því að ferðamenn hófu að koma til landsins hafa þeir tekið ríkan þátt í "baðmenningu" Íslendinga, sem trúlega baða sig og börn sín einna mest allra þjóða.

Þetta hreina og tæra, það að lifa heilsusamlegu lífi vegur æ þyngra í lífsstíl fólks hvort heldur er á ferðalagi eða í daglegu lífi.

Innihaldsríkt frí þar sem einstaklingurinn tekur ríkan þátt í upplifuninni - er virkur - verður æ vinsælla.

Þá verður sífellt algengara að nota frítímann til að huga að heilsunni og svokallaðar "heilsuferðir" hafa notið sífellt meiri vinsælda, enda verið staðið vel að málum við markaðssetningu á heilsulindum okkar. Þar ber hæst Bláa Lónið. Engin ástæða er til að ætla annað en aukning geti orðið á slíkum ferðum sé rétt haldið á spöðunum.

6.7 Sjóstangaveiði

Sjóstangaveiði hefur verið markaðssett undanfarin 5-6 ár á nokkrum stöðum á landinu í atvinnuskyni. Í flestum tilfellum eru þetta einyrkjafyrirtæki með litla fiskibáta, sem eru óbreyttir eða hefur verið breytt til sjóstangaveiði og/eða hvalaskoðunarferða. Þessi þáttur afþreyingar getur vart þróast mikið frekar fyrr en reglum um leyfi þeirra til veiða hefur verið breytt.

6.8 Laxveiði

Laxveiðiferðir hafa ekki til þessa verið beint markaðssettar af ferðasmásölum. Flugfélög, ferðaskrifstofur og einstaklingar hafa haft samband við veiðiréttarhafa í ám og vötnum til könnunar á því, hvort væntanlegur ferðamaður, skv. fyrirspurn um veiðimöguleika, geti fengið keypt leyfi til veiða á vissum tíma, sem hluta af ferð sinni til landsins.

Þessa grein afþreyingar verður að þróa mun betur til þess að ferðasmásalar geti beitt henni fyrir sig í markaðssetningu pakkaferða til landsins.

6.9 Skotveiðiferðir

Mjög erfitt hefur verið að skipuleggja skotveiðar sem hluta af ferðaþjónustu hér á landi. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ná þarf samkomulagi við allt of marga aðila vegna veiðiréttar, þótt um mjög stuttar veiðiferðir sé að ræða.

Aðilar sem skipulagt hafa og selt fuglaskotveiðiferðir eru aðallega þeir, sem eiga eða hafa afnotarétt af landi, án sérstakra samninga um skotveiðar. Til þess að þróa þessa tegund afþreyingar þarf að breyta lögum um aðgengi erlendra ferðamanna að fuglaskotveiðum í almenningi.

Þrenns konar skotveiðar koma einkum til álita, þ.e. gæsa- og rjúpnaveiðar og hreindýraveiðar.

Stjórn hreindýraveiða er á hendi hreindýraráðs sem úthlutar veiðileyfum til einstaklinga með hliðsjón af heildarkvóta hvers árs. Á veiðitímanum 1. ágúst til 15. september eru dýrin uppi á heiðum og því öllum aðgengileg, sem til þess hafa leyfi frá hreindýraráði.

Nokkur reynsla er fyrir hendi í sölu hreindýraveiðiferða til útlendinga en þær eru þó á algeru frumstigi.

6.10 Silungsveiði í ám og vötnum

Þessi grein afþreyingar hefur lengi verið við lýði hér á landi en ef til vill ekki þróast sem skyldi. Með hverju ári fjölga þeim landeigendum sem bjóða upp á silungsveiði í ám og vötnum á landareign sinni sem þátt í framboði þeirra í ferðaþjónustu.

Bændur hafa boðið hestaferðir og silungsveiði sem afþreyingarþætti til að auka eftirspurn eftir gistingunni. Fyrst og fremst þarf að skoða aðgengi að silungsveiðinni og fá bændur og aðra landeigendur til að taka sig saman og bæta það til muna. Hið sama á við um alla þjónustu við silungsár og vötn á landinu.

6.11 Átthagahátíðir

Þessi tegund afþreyingar fyrir innlenda ferðamenn aðallega hefur þróast nokkuð undanfarin ár eins og “Síldarævintýrið“ á Siglufirði, “Vopnaskak“ á Vopnafirði og “Neistaflug“ á Neskaupsstað. Þessar átthagahátíðir eru á vissan hátt sömu tegundar og “Routes to the Roots“, þar sem fólk ættað frá þessum stöðum ásamt vinum er hvatt til að koma og heimsækja upprunasveit sína.

Þessi afþreying hefur tekist vel til þessa og mun eflaust þróast á komandi árum. Æskilegt væri að þróunin tæki þá stefnu að uppákomurnar dreifðust meir yfir sumarið í stað þess að halda þær flestar um Verslunarmannahelgi. Ástæða væri einnig til að ferðamálasamtök á viðkomandi svæðum tækju þátt í undirbúningi hátíðanna, til þess að þær þróust í heildarsamkomur svæðanna, frekar en fyrir einstök sveitarfélög eins og nú virðist vera.

6.12 Söfn

Söfn og náttúruskoðun eru með elstu afþreyingarþáttum í ferðaþjónustu. Samt sem áður virðast sum söfn hafa dregist nokkuð aftur úr sem sérstaklega áhugaverð afþreying.

Enda þótt ný og mjög áhugaverð söfn séu alltaf að bætast í hópinn, er ástæða til að skoða að nýju þau sem fyrir eru og bera þau saman við aðra afþreyingu. Ekki er ólíklegt, að í ljós komi, að hinn mikli áhugi ferðamanna á að taka sjálfir virkan þátt í afþreyingunni, sem þeir geta valið um, valdi því að dregið hefur úr hlutfallslegum vinsældum hefðbundinna safna hér sem erlendis.

7 Lokaorð

Hópstarfið, sem hófst síðastliðið vor, hefur verið mikið og skemmtilegt. Eðlilega hefur einkum verið rætt um afþreyingu og verkefni hópsins en einnig um marga aðra þætti ferðaþjónustunnar.

Það hefur verið bæði fróðlegt og skemmtilegt, ekki síst vegna þess að innan hópsins eru menn með mikla reynslu í ferðaþjónustu. Að öðrum ólöstuðum á ég við Halldór Bjarnason, hjá Safariferðum og Einar Bollason hjá Íshestum. Þessir menn hafa haft frá mörgu að segja um þróun íslenskrar ferðaþjónustu undanfarna áratugi og eigin reynslu. Það eru því á vissan hátt forréttindi fyrir okkur hin að hafa átt þess kost að vera samferða þeim í þessari hópvinnu.

Það er von okkar, sem í hópnum hafa starfað að vinna okkar verði lóð á vogaskálum ferðamálaráðherra í þeirri vinnu hans og ráðuneytisins, sem framundan er í málaflokki afþreyingar innan íslenskrar ferðaþjónustu

8 Viðauki 1 - Framkvæmdaáætlun

Afbreyting í ferðabjónustu					
Stefnumótun			Leiðir	Aðgerðir	Hvenær
Stefna skal að því að afbreyting búi við lög og reglur líkt og gerist með aðra atvinnustarfsemi og þess verði gætt að uppbygging afbreytingar gerist í fullri sátt við náttúru Íslands, og gangi ekki á umhverfisarf komandi kynslóða.					
1.0 Tryggð verði gæði og öryggi í afbreytingu.		1,1 Gera þarf lágmarkskröfur til reksturs og öryggis fyrirtækja í afbreytingu og með því auðvelda æskilegan samanburð við sambærileg erlend fyrirtæki og afbreytingu innan ferðabjónustunnar almennt.			
		1,1,1		Samgönguráðuneyti kanni, hvort nota skuli staðla Evrópusambandsins til að auðvelda samanburð á afbreytingu og fyrirtækjum í afbreytingu milli landa.	1998
		1,1,2		Samgönguráðuneyti og Ferðamálastjórn standi að sérstöku verkefni til undirbúnings á breytingum á leyfisveitingum til ferðabjónustufyrirtækja í afbreytingu í samvinnu við hagsmunaaðila.	1998-1999
		1,1,3		Samgönguráðuneyti láti skilgreina helstu kröfur vegna þeirra er starfa við eða reka atvinnustarfsemi þar sem boðið er upp á afbreytingu. Tekið verði m.a. til ástands tækja og búnaðar, öryggismála, trygginga, fjárhagsstöðu og persónulegrar hæfni.	1998-1999
2.0 Tryggt verði að skipulag í byggð og á óbyggðum svæðum taki mið af þörfum ferðabjónustunnar, og að við skipulagningu sé tekið mið af hagsmunum ólíkra tegunda afbreytingar.					
		2,1	Hvatt er til aukinnar áherslu á heildarskipulag þar sem tekið er mið af hagsmunum ferðabjónustunnar. Einnig eru sveitarfélög hvött til að huga vel að landnotkun vegna mismunandi tegunda afbreytingar á byggðum og óbyggðum svæðum og umferðar ferðamanna um þau.	Ráðherra ferðamála í samráði við umhverfisráðherra fái inn í leiðbeiningarnit Skipulags ríkisins fyrir ráðgjafa ákvæði, sem kveður á um að leitað verði umsagnar ferðabjónustuaðila við gerð allra skipulagsáætlana bæði í byggð og óbyggð.	1998
		2,1,2		Ráðherra samgöngumála geri ráðstafanir til að flýta áregrt opnun hálandisins og akstursleiða milli Norður- og Suðurlands. Í þeim tilgangi verði Vegagerðinni falið að opna helstu hálandisvegi s.s. Kjöl og Sprengisand eigi síðar en 1. júní.	1999-2000

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Ábyrgur	Hvenær
3.0 Auka þarf upplýsingar og fræðslu um umgengi og aðgengi, veidirett, veiðitíma og veiðisvæði á sjó, á almenningum og á afréttum.				
3.1 Stjórnvöld hvetji yfirráðamenn veiðivatna til að auðvelda aðgengi að þeim.		3.1,1 Samgönguráðuneyti stuðli að því að veiðifélag myndi samtök til að byggja upp lágmarksaðstöðu við veiðivötn.	Samgönguráðherra	1999-2000
3.2 Samræma þarf og auka allt eftirlit með veiðarfærum lax- og silungsveiðimanna sem til landsins koma.		3.2,1 Samgönguráðuneyti vinni að því i samvinnu við umhverfisráðuneyti að blýsökkur og biðtögl verði bannaðar með öllu fyrir árið 2000.	Samgönguráðherra og umhverfisráðherra	1998-1999
3.3 Bæta skal aðstöðu á Keflavíkurflugvelli til hreinsunar búnaðar (vöðlur) og veiðarfæra lax- og silungsveiðimanna og búnaðar hestamanna þannig að hægt sé að framfýlga gildandi reglum hér á landi.		3.3,1 Ráðherra ferðamála óski þess af utanríkisráðherra að hann sjái svo um að Tollgæslan vinni eftir þeirri meginreglu að ferðamenn komi með hreinsaðan búnað til landsins og geti framvísað vottorði því til staðfestingar.	Samgönguráðherra og utanríkisráðherra	1998
		3.3,2 Samgönguráðuneyti beirni tilmælum til yfirdýralæknis um að efla fræðslu fyrir innlenda og erlenda ferðamenn um hreinsun búnaðar.	Samgönguráðherra og yfirdýralæknir	1998
		3.3,3 Samgönguráðuneyti vinni að því með utanríkisráðuneyti og öðrum sem málið varðar að komið verði upp aðstöðu til sótthreinsunar, þar sem hún er ekki til staðar við landgöngu og hún taki mið af þeim búnaði sem hreinsa ber.	Samgönguráðherra og utanríkisráðherra	1999-2001
		3.3,4 Ráðherra samgöngumála geti þá kröfu til aðila í ferðaþjónustu, sem selja hesta- og veiðiferðir til landsins, að þeir láti þess getið i kynningarefni með hvaða hætti hreinsun skal fara fram.	Samgönguráðherra	1998
3.4 Tryggja þarf að skipulag skotveiðiferða byggist á gildandi lögum um skotveiðar.		3.4,1 Ráðherra ferðamála vinni i samráði við umhverfisráðherra að því að útlendingum verði heimilaðar skotveiðar i almenningum undir eftirliti veiðiefritsmanna og lögum breytt þar að lútandi.	Samgönguráðherra og umhverfisráðherra	1998-2001

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Abyrgur	Hvenær
	3.5 Settar verði reglur um aðgengi ferðþjónustunnar að auðlindum sjávar.			
		3.5,1 Ráðherrar ferðamála í samvinnu við sjávarútvegsráðherra komi af stað vinnu (reglugerðar- eða lagabreytingu), sem tryggir ferðþjónustuaðilum með tilskilin leyfi réttindi til veiða í sjó.	Samgöngu- ráðherra og sjávarútvegs- ráðherra	1999-2001
	3.6 Settar skulu reglur um umgengi við hvali á hvalaslóð, sbr. reglur erlendis um fjölda báta á slóðinni, nálagðarmörk o.fl.			
		3.6,1 Samgönguráðuneyti setji reglur um umgengi við hvali á hvalaslóð í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun og hagsmunaaðila í hvalaskoðun.	Samgöngu- ráðherra, Hafrannsóknar- stofnun og hagsmunaaðilar	1988-1999
	3.7 Í samvinnu við Hafrannsóknarstofnum verði gerð könnun á því hvar helstu hvalgengdarsvæði umhverfis Ísland sé að finna og þau skilgreind m.a. eftir hvalategundum.			
		3.7,1 Samgönguráðuneyti leggi til við Hafrannsóknastofnun að hún, í samvinnu við aðila í hvalaskoðun, láti semja aðgengilegan bækling, sem byggðist á gögnum stofnunarinnar, um hvalategundir, göngusvæði þeirra við landið o.fl..	Samgöngu- ráðherra, Hafrannsóknar- stofnun og hagsmunaaðilar	1998-1999

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Ábyrgur	Hvenær
<p>4.0. Stefna ber að því að sú afþreying og/eða ævintýraferðir að sumri og vetri sem boðið er upp á, byggist sem mest á sérstöðu landsins og tiltekinna svæða og bæti þar með samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu gagnvart helstu samkeppnislöndum okkar.</p>				
<p>4.1. Stúðla skal að gerð fræðsluefnis um göngu-, hjóla- og jeppaleiðir, um tiltekna bætti náttúru og sögu sem leiðimar varða og um útbúnað og hegðun í göngu- og hjóla- og jeppaferðum.</p>		<p>4,1,1 Ferðamálastjórnir fyrir hönd samgönguráðuneytisins gangist fyrir því að stofnaður verði ráðgjafahópur fyrir Samband Ísl. sveitarfélaga um gerð þessa fræðsluefnis. Í hópnum verði fulltrúar frá Náttúruverndarráði, Sambandi Ísl. Sveitarfélaga, ferðaskrifstofum, ferðafélögum og Björgunarskóla Íslands.</p>	<p>Ferðamálastjórnir</p>	<p>1998-1999</p>
<p>4.2. Hvatt er til samvinnu um lagningu og rekstur gönguleiða um landið, þar sem iðgð er áhersla á sérstök áhugasvið og/eða sérstöðu svæða.</p>		<p>4,2,1 Ferðamálastjórnir fyrir hönd samgönguráðuneytis vinni að því að Samband Ísl. sveitarfélaga, í samvinnu við aðila í ferðaþjónustu á hverju svæði sambandsins, beiti sér fyrir lagningu og rekstri gönguleiða á landinu.</p>	<p>Ferðamálastjórnir</p>	<p>1998-2000</p>
<p>4.3. Koma þarf á fót tímabundnum starfshópi til þess að vekja áhuga fólks, kynna hvernig staðið er að gerð nýrra gönguleiða og koma fram með hugmyndir og tillögur að fjölbreyttari og betri gönguferðaþjónustu, endurbótum í björgunarmálum og bættari fræðslu.</p>		<p>4,3,1 Ferðamálastjórnir fyrir hönd samgönguráðuneytis vinni að því að Samband Ísl. sveitarfélaga stofni starfshóp til þess að vekja áhuga fólks um land allt, kynna hvernig staðið er að gerð nýrra gönguleiða og koma með hugmyndir og tillögur að fjölbreyttari og betri þjónustu við göngufólk, endurbótum í björgunarmálum og bættari fræðslu.</p>	<p>Ferðamálastjórnir</p>	<p>1998-1999</p>

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Ábyrgur	Hvenær
5,0 Aðgengi að snjó fyrir hvers konar snjóakstur verði tryggt og settar reglur þar að lútandi, til að raska sem minnst viðkvæmri náttúru landsins.				
	5,1 Stjórnvöld tryggja vegaaðgengi að snjó sem hæfir til snjóaksturs.	5,1,1 Ráðherra samgöngumála vinni að því að sjóður Vegagerðarinnar til styrkvega verði tvöfaldaður og helmingur fjárens eymamerktur framkvæmdum í þágu ferðaþjónustunnar m.a. til að tryggja aðgengi að hvers konar afþreyingu.	Samgöngu-ráðherra og Alþingi	1999-2000
	5,2 Samgönguráðuneytið kanni, í samvinnu við björgunaraðila og hagsmunaaðila, nauðsyn á tilkynningaskyldu farartækja í vetrarferðum sem farnar eru í atvinnuskyni.			
		5,2,1 Samgönguráðuneyti tryggir fjarskipti alls staðar á landinu og komi í því skyni á samstarfi ferðaþjónustuaðila, björgunarsveita (Slysavarnarfélag Íslands og Landsbjargar) og Pósts og Síma hf.	Samgöngu-ráðherra	1999-2001
		5,2,2 Samgönguráðuneyti leiti eftir samstarfi við Slysavarnarfélag Íslands og Landsbjörgu um að koma á fót kerfi á landi sem svipar til Tilkynningarskyldu Íslenskra skipa.	Samgöngu-ráðherra	1999-2001

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Ábyrgur	Hvenær
MARKMIÐ STEFNUMÓTUN - HESTAFERÐIR Með hestaferðum sé boðið upp á sérstæða, skemmtilega og fróðlega afþreyingu sem sameinar útivist, góð kynni af íslenska hestinum og náttúru landsins, um leið og þær skapa atvinnu og tekjur.				
6.0 Tryggja nauðsynlegar leiðleiðir og skipulagða uppbyggingu áningarstaða er taki tillit til umhverfisþátta í samráði við viðkomandi yfirvöld og umráðaaðila lands.				
6.1	Viðverkna nauðsyn reiðvega og skipuleggja þá í tengslum við skipulag sveitarfélaga og vegakerfi landsins.			
		6.1.1	Samgönguráðuneyti sjái til þess að Vegagerð ríkisins geri áætlun um forgangsröðun við gerð reiðvega í byggð. Áætlunin verði unnin í samstarfi við Landssamband hestamanna, hagsmunaaðila í ferðabjónustu og sveitarfélög.	1998-2000
6.2	Hvatt er til þess að við helstu leiðleiðir verði komið upp áningarstöðum, þar sem hægt er að fá mismunandi þjónustu, allt frá einföldu skjóli fyrir menn og hesta og upp í aðstöðu eins og hún gerist best utan þéttbýlis. Skipulagsyfirvöld, Landgræðsla ríkisins, umhverfisverndarstofnanir og umráðamenn landsvæðanna skulu hafðir með í ráðum þegar áningarstaðir eru skipulagðir. Mikilvægt er að skiningur skapist á mikilvægi þessa þáttar ferðabjónustunnar og líðkað verði fyrir uppbyggingu viðunandi áningarstaða.			
		6.2.1	Ráðherra ferðamála skipi samráðsnefnd, sem m.a. geri úttekt á næturáningarstöðum við helstu leiðleiðir á hálandinu. Jafnframt vinni nefndin að tillögum um uppbyggingu áningarstaða og skipiðhófa í samvinnu við heimamenn og hagsmunaaðila. Í samráðsnefndinni verði fulltrúar frá skipulagsyfirvöldum, Náttúrvernd ríkisins, Vegagerðinni, hagsmunaaðilum í ferðabjónustu og heimamönnum.	1998

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Ábyrgur	Hvenær
	6,3 Setja skal reglur um að þar sem reiðleiðum er lokað með girðingum skuli koma fyrir hlöðum sem menn og hestar komast greiðlega í gegnum.			
		6,3,1 Ráðherra ferðamála leiti eftir því við umhverfisráðherra að hann setji í reglugerð við skipulags- og byggingarlög nr. 73, 28. maí 1997, þar sem kveðið verði skýrt á um skyldur landeigenda að hafa hlið á girðingum sem eru þvert á reiðleiðir.	Samgöngu- ráðherra og umhverfis- ráðherra	1998
	6,4 Aflað verði upplýsinga um reiðleiðir, fornar og nýjar, og þær skrásettar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila. Eldri reiðgötur verði merktar, þ.m.t. áhugaverðir staðir sem leiðin liggur um.			
		6,4,1 Samgönguráðuneyti og Landssamband hestamanna skipi starfshóp til þess að safna og skrá upplýsingar um reiðleiðir, fornar og nýjar, í samráði við Samband Ísi, sveitarfélaga, Vegagerðina og Landssamband hestamanna. Þær verði síðan gefnar út í samvinnu við Landmælingar Íslands ásamt þeim gögnum um sama efni, sem þegar liggja fyrir hjá Vegagerðinni og LH. Starfshópurinn vinni að því að eldri reiðgötur verði merktar ásamt áhugaverðum stöðum, er liggja að þeim.	Samgöngu- ráðherra og Landssamband hestamanna	1998
	6,5 Flokka þarf reiðvegina og stýra því hvenær þeir eru opnaðir og lokaðir fyrir umferð. Eftirlit sé haft með reiðleiðum þar sem gróður er viðkvæmur.			
		6,5,1 Ráðherra ferðamála komi á vinnu innan Vegagerðarinnar um flokkun reiðvega, og henni einnig fallið að stýra því hvenær þeir eru opnir fyrir umferð. Umferð sé beint frá svæðum með viðkvæmum gróðri eftir því sem kostur er.	Samgöngu- ráðherra og Vegagerðin	1998-1999

Markmið	Leiðir	Aðgerðir	Ábyrgur	Hvenær
7,0 Þeir sem bjóða hestaferðir í atvinnuskyni vandi vel kynningu, undirbúning, aðbúnað og ferðirnar sjálfar og hafi til þess tilskilin leyfi.				
	7,1 Hvatt er til útgáfu einfaldra og aðgengilegra korta yfir reiðvegi og reiðleiðir innan hvers sveitarfélags.	7,1,1 Samgönguráðuneyti í samvinnu við umhverfisráðuneyti vinni að því að fá Landmælingar Íslands til liðs um gerð aðgengilegra reiðvegakorta yfir reiðleiðir innan og milli sveitarfélaga.	Samgöngu- ráðherra og umhverfis- ráðherra	1998-1999
	7,2 Leiðsögn skal veita í hestaferðum sem skipulagðar eru í atvinnuskyni.	7,2,1 Ráðherra ferðamála seji í reglugerð með lögum nr. 117/1994 skv. 29. grein sömu laga að veita beri fullkomna leiðsögn í hestaferðum sem skipulagðar eru í atvinnuskyni.	Samgöngu- ráðherra	1998
	7,3 Haldin séu námskeið fyrir þá sem annast leiðsögn í hestaferðum.	7,3,1 Ráðherra ferðamála komi í reglugerð um Leiðsögu skóla Íslands að haldin séu árlega sérsök námskeið fyrir leiðsögumenn í hestaferðum.	Samgöngu- ráðherra og menntamála- ráðherra	1998

